



Reykjavíkurborg  
Mannréttindaskrifstofa

12.01.2018

Skýrsla starfshóps sem á að finna  
leiðir til að sporna gegn  
heimilisofbeldi sem hinsegin fólk  
verður fyrir



## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	2
2. Skilgreiningar.....	3
3. Hinsegin fólk og heimilisofbeldi.....	4
3.1. Tölulegar upplýsingar og rannsóknir á hinsegin fólki og heimilisofbeldi .....	5
4. Sérstæða hinsegin samfélagsins.....	7
4.1 Ofbeldi og valdbeiting vegna hinsegin stöðu .....	8
4.2 Minnihlutaálag.....	8
5. Þjónustuveitendur og hinsegin fólk.....	9
5.1. Vanþekking og ranghugmyndir um hinsegin fólk og heimilisofbeldi .....	10
5.2. Hindranir, úrræði og sýnileiki .....	12
6. Skráning á heimilisofbeldi þegar hinsegin fólk á í hlut.....	12
7. Tillögur starfshópsins.....	13
7.1. Tillögur að aðgerðum .....	14
8. Heimildaskrá.....	17

## 1. Inngangur

Reykjavíkurborg og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við Kvennaathvarfið og Heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu hófu í janúar 2015 átak gegn heimilisofbeldi sem kallast *Saman gegn ofbeldi*. Markmið samstarfsins er að taka markvisst á þeim heimilisofbeldismálum sem upp koma í því skyni að tryggja öryggi borgarbúa á heimilum sínum.

Árið 2015 kom út skýrsla starfshóps um aðgerðir gegn heimilisofbeldi gagnvart fötluðu fólki og árið 2016 kom út skýrsla starfshóps um leiðir til að ná til innflytjenda varðandi heimilisofbeldi, en þær eru báðar hluti af *Saman gegn ofbeldi*. Í ágúst 2017 var svo skipaður starfshópur sem átti að finna leiðir til að sporna gegn heimilisofbeldi sem hinsegin fólk verður fyrir. Starfshópurinn skipuðu Svandís Anna Sigurðardóttir, mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Sólveig Rós, Samtökin '78, Guðmunda Smári Veigarsdóttir, Samtökin '78, Arnrún Sveinsdóttir, velferðarsviði Reykjavíkurborgar og Svava Snæberg, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu. Meðal verkefna starfhópsins var:

1. Að greina stöðu mála og gera tillögur um úrbætur.
2. Að greina hvaða upplýsingar skortir og breytingar þarf að gera á upplýsingaefni þátttakenda í *Saman gegn ofbeldi* til þess að það tali til hinsegin fólks.
3. Að fara yfir það hvort Samtökin '78 ættu að bæta upplýsingar um heimilisofbeldi á vefsíðu sinni.
4. Að útbúa tillögur að aðgerðum til að sporna við heimilisofbeldi gagnvart hinsegin fólki.
5. Að benda á leiðir til að auka þekkingu á heimilisofbeldi gagnvart hinsegin fólki, bæði almennt og í verkefninu *Saman gegn ofbeldi*.
6. Að taka ákvörðun um það hvort halda eigi tölfræði eða ekki um ofbeldi í hinsegin samböndum.

Starfshópurinn fundaði á um tveggja vikna fresti frá september - desember 2017, eða alls 7 sinnum. Hér á eftir verður greint frá vinnu starfshópsins en hún tók mið af rannsóknum, umræðum og upplýsingum um heimilisofbeldi en í lok þessarar skýrslu má finna tillögur hópsins. Fyrst verður farið yfir skilgreiningar sem snerta hinsegin fólk, en ljóst er að almenn þekking á stöðu hinsegin fólks þarf að aukast til þess að bæta þjónustu við hópinn, ná betur til hans og skapa traust og samtal, nokkuð sem er mikið rætt í tengslum við hinsegin fólk og heimilisofbeldi. Í þriðja kafla er farið yfir rannsóknir og tölulegar upplýsingar um hinsegin fólk og heimilisofbeldi. Þar á eftir er rætt um sérstæðar birtingamyndir heimilisofbeldis sem hinsegin fólk getur orðið fyrir. Þessir þættir, þekking á stöðu hinsegin fólks og sérstæðum birtingamyndum heimilisofbeldisins, haldast í hendur og eru nauðsynlegir ef á að sporna gegn heimilisofbeldi sem hinsegin fólk verður fyrir. Í kafla fimm er svo fjallað um þjónustuveitendur, þöggun og úrræði. Því næst er fjallað um skráningar á tilfellum heimilisofbeldis þegar hinsegin fólk á í hlut og að lokum er farið yfir tillögur starfshópsins.

## 2. Skilgreiningar

Í víðum skilningi mætti telja til hinsegin fólks þá sem eru ekki gagnkynhneigðir, sískynja og/eða markkynja. Einnig þá sem falla ekki að viðmiðum samfélagsins um hefðbundið kyn og kynhegðun. Hér á eftir eru skilgreiningar á helstu hugtökum og hópum sem er mikilvægt að þekkja þegar unnið er með hinsegin samfélaginu, en listinn er ekki tæmandi.<sup>1</sup>

*Kynhneigð* segir til um það hverjum fólk getur orðið skotið í, ástfangið af og laðast að. *Kynvitund* segir til um hvernig fólk vill lifa og vera í sínu kyni, en hún hefur ekki með kynfæri, líffræði eða útlit að gera. Sumt fólk fer í aðgerðir eða tekur inn hormón til að laga líkama sinn og útlit að kynvitund sinni en aðrir ekki. *Kyneinkenni* eru líffræðilegir þættir sem eru notaðir til þess að flokka fólk eftir kyni, t.d. litningar, kynfæri, kynkirtlar, hormónar og fleira. Sumir fæðast þannig að ekki er hægt að flokka þá auðveldlega sem karl- eða kvenkyns út frá kyneinkennum. *Kynverund* snýr svo að eigin upplifun okkar sem kynverur (e. sexuality). Rétt er að taka fram að þessir þættir tengjast ekki hvorum öðrum með ákveðnum hætti, þannig getur manneskja með ódægigerð kyneinkenni (intersex) verið með hvaða kynvitund sem er, og manneskja sem er trans verið með hvaða kynhneigð sem er o.s.frv.

*Gagnkynhneigð*: Að laðast að manneskjum af öðru kyni

*Samkynhneigð*: Að laðast að manneskjum af sama kyni (t.d. lesbía, hommi)

*Tvíkynhneigð*: Að laðast að fleiri en einu kyni

*Pankynhneigð*: Að laðast að fólki óháð þeirra kyni

*Eikynhneigð*: Að laðast lítið eða ekki kynferðislega að öðru fólki, rómantísk aðlöðun getur þó verið til staðar

*Sís/sískynja*: Fólk sem býr yfir kynvitund sem er í samræmi við það kyn sem því var úthlutað við fæðingu

*Trans fólk*: Fólk sem býr yfir kynvitund sem samræmist ekki því kyni sem því var úthlutað við fæðingu og/eða fólk sem fer út fyrir það sem telst hefðbundið kyn, kynvitund og kyntjáning

*Trans kona/stúlka*: Kona/stúlka sem var úthlutað karlkyni við fæðingu

*Trans karl/drengur*: Karl/drengur sem var úthlutað kvenkyni við fæðingu

*Kynsegin*: Manneskja sem upplifir sig ekki einungis sem karl eða konu (kyntjáning viðkomandi getur verið alls konar)

*Markkynja*: Manneskja með kyneinkenni sem er hægt að flokka sem annað hvort karlkyns eða kvenkyns

*Intersex*: Manneskja með ódægigerð kyneinkenni (sem er ekki hægt að flokka auðveldlega sem annað hvort sem karlkyns eða kvenkyns)

*Fornöfn*: Sumt fólk vill láta kalla sig hann, annað hún, en sumt fólk kys hvorugkyns fornafn, t.d. hán

---

<sup>1</sup> Sjá nánar á t.d. [www.samtokin78.is](http://www.samtokin78.is), [www.otila.is](http://www.otila.is) og [www.bdsm.is](http://www.bdsm.is). Þess má geta að það eru skiptar skoðanir á hugtakinu hinsegin sem og þeim hópum sem það nær yfir.

*BDSM*: Er form hneigða, skynjunar, nándar og samskipta í samhengi valdaskipta, sem byggja á upplýstu samþykki og trausti. Það getur verið kynferðislegt en einnig hluti af daglegu lífi fólks. BDSM stendur fyrir bindingar, drottun (og undirgefni), sadisma, skynjun, masókisma, og munalosta en grundvallarreglur BDSM á Íslandi eru að BDSM sé öruggt, meðvitað og samþykkt. Yfirleitt er talað um *BDSM fólk* sem nær bæði yfir þá sem skilgreina sig BDSM-hneigða og þá sem stunda BDSM

*Fjölástir/fjölsambönd*: Einstaklingur getur verið í lokuðu eða opnu sambandi við fleiri en einn, getur átt einn maka en verið í opnu sambandi, einstaklingur getur átt aðal maka en getur átt í ástarsambandi við aðra. Fjölástir geta verið þannig að allir aðilar sambandsins eru saman, en einnig að einstaklingur getur átt tvo maka sem eru þó ekki í sambandi með hvorum öðru. Slík sambönd geta verið opin eða lokuð en fjölástir og fjölsambönd geta tekið á sig ýmsar birtingamyndir

*Gagnkynhneigt forræði, gagnkynhneigð-sís viðmið*: Sú trú að gagnkynhneigð sé náttúruleg og æðri öðrum kynhneigðum, þannig að karlar (sem uppfylla hugmyndir um ráðandi karlmennsku) og konur (sem uppfylla hugmyndir um ráðandi kvenleika) mynda saman hina fullkomnu heild. Litið er svo á að bestu skilyrðin fyrir barn að alast upp í séu innan gagnkynhneigðs sambands. Þá eru einnig ríkjandi hugmyndir um „eðlilegt“ kyn, að kynfæri stýri kynvitund, að kynin séu einungis tvö (karl og kona) og að alvöru konur fari eftir viðteknum hugmyndum um kvenleika og alvöru karlar eftir viðteknum hugmyndum um karlmennsku. Spurningamerki er sett við þá sem upplifa og tjá kyn sitt á annan hátt. Slíkar hugmyndir birtast víða, bæði beint og óbeint og oft ómeðvitað, en þær þarf að taka til greina þegar skoða á stofnanir og hversu aðgengilegar þær eru hinsegin fólki

Heimilisofbeldi er skilgreint sem ofbeldi milli skyldra eða tengdra. Staðurinn þar sem ofbeldið á sér stað skiptir ekki máli. Hins vegar skipta tengsl geranda og brotþola máli. Stundum er fjallað um ofbeldi í nánnum samböndum og nær heimilisofbeldi yfir það en þar sem skilgreiningin nær einnig til skyldra þá fellur undir heimilisofbeldi ofbeldi sem börn beita foreldra sína og foreldrar beita börn sín.

Þá er hugtakið *þjónustuveitendur* notað í þessari skýrslu en það á við um alla þá sem vinna með og koma að heimilisofbeldismálum, hvort sem um er að ræða félagsþjónustu Reykjavíkurborgar, barnavernd, lögregluna, félagasamtök eða aðrar stofnanir sem vinna ýmist með gerendum og brotþolum í heimilisofbeldismálum.

### 3. Hinsegin fólk og heimilisofbeldi

Sáralitlar upplýsingar um hinsegin fólk og heimilisofbeldi er að finna í íslensku samhengi. Nýlega birtist grein þar sem hinsegin manneskja fjallaði um hinsegin fólk sem *gleymda þolendur* og þá tilhneigingu að tala nánast eingöngu um heimilisofbeldi sem eitthvað sem karlmenn gera við konur (Hans Jónsson, 2017). Almennt, innan hinsegin samfélagsins og í fjölmiðlum er mjög lítil umræða um heimilisofbeldi og hinsegin fólk. Helst hefur vakið athygli

frétt um heimilisofbeldi þar sem samkynhneigt par átti í hlut, þá voru bæði gerandi og þolandi karlkyns. Í þeirri umfjöllun var sagt frá því að kerfið hefði brugðist þolandanum (Viktoría Hermannsdóttir, 2015) og í annarri frétt tengd sama máli sagði Thelma Ásdísardóttir, ráðgjafi hjá DrekaSlóð, að „... samkynhneigðir [upplifi] sig oft þannig að þeirra heimilisofbeldismál séu talin léttvægari en önnur ... Það er mín tilfinning að stundum sé litið svo á að í samkynhneigðum samböndum sem pláss fyrir meira drama, svo ég orði það þannig.“ (Þórhildur Þorkelsdóttir, 2015). Stígamót skrá kynhneigð þeirra sem til þeirra leita í fyrsta sinn en ekki er hægt að greina hvort að hinsegin fólk sé að leita til þeirra út frá heimilisofbeldi.<sup>2</sup> Að öðru leyti eru engar haldbærar upplýsingar eða tölfræði um hinsegin fólk og heimilisofbeldi að finna á Íslandi.

Þegar litið er til annarra vestrænna landa má finna ýmsar rannsóknir og tölulegar upplýsingar um heimilisofbeldi og hinsegin fólk, og hafði starfshópurinn þær til hliðsjónar í sinni vinnu. Ljóst er að ekki er hægt að yfirfæra niðurstöður úr erlendu samhengi vandalaust yfir á það íslenska, en þær gefa þó vísbendingar um stöðu mála. Samantekt á helstu niðurstöðum tölfræðirannsókna sem hér verða reifaðar eru að:

- hinsegin konur, sérstaklega tvíkynhneigðar og trans konur upplifa heimilisofbeldi í nokkuð hærra hlutfalli en aðrir hinsegin hópar og sís gagnkynhneigðir einstaklingar
- sumar rannsóknir sýna að hærra hlutfall lesbía upplifa heimilisofbeldi en gagnkynhneigðar konur
- tölfræði um heimilisofbeldi sem hinsegin karlar upplifa er mismunandi eftir rannsóknum, en sumar rannsóknir sýna að hinsegin karlar, sér í lagi tvíkynhneigðir, upplifa heimilisofbeldi í hærra hlutfalli en sís gagnkynhneigðir karlar
- hátt hlutfall trans fólks virðist upplifa ofbeldi hvort sem um er að ræða heimilisofbeldi eða annars konar ofbeldi, en mun færri rannsóknir hafa verið gerðar á trans fólki en sam- og tvíkynhneigðum í tengslum við heimilisofbeldi
- hinsegin fólk sem tilheyrir einnig öðrum minnihluta- eða jaðarhópum virðist frekar eiga á hættu að verða fyrir heimilisofbeldi en aðrir

Hér að neðan verða niðurstöðurnar raktar í lengra máli, mikilvægt er þó að hafa í huga að rannsóknir og kannanir á hinsegin fólki og heimilisofbeldi eru almennt af skornum skammti.

### **3.1. Tölulegar upplýsingar og rannsóknir á hinsegin fólki og heimilisofbeldi**

The Williams Institute stóð fyrir úttekt á rannsóknum á hinsegin fólki og heimilisofbeldi en hún birtist í skýrslunni *Intimate Partner Violence and Sexual Abuse Among LGBT People. A Review of Existing Research* (2015). Farið var yfir 42 rannsóknir á ofbeldi sem var af hendi

---

<sup>2</sup> Stígamót skrá kynhneigð þeirra sem leita til samtakanna í fyrsta sinn. Í tölvupósti frá Stígamótum í október 2017 var greint frá því að árið 2016 voru 5.3% þeirra sem leituðu til samtakanna tvíkynhneigðir (alls 18 manns), en 3.3% voru samkynhneigðir (alls 11 manns). Þá voru 4.5% skráðir *annað, er ekki viss eða upplýsingar vantar*. Ekki var hægt að greina ástæður þess að þessir einstaklingar leituðu til Stígamóta og því erfitt að sjá hvort þeir voru þolendur heimilisofbeldis, en Stígamót eru fyrst og fremst samtök fyrir þolendur kynferðisofbeldis.

maka (e. intimate partner violence) og kynferðislegu ofbeldi af hendi maka (e. intimate partner sexual violence) meðal lesbía, homma, tvíkynhneigðra og trans fólks sem framkvæmdar voru í Bandaríkjunum á árunum 1989-2015. Í skýrslunni kemur fram að tvíkynhneigðar konur eru 1.8 sinnum líklegri til þess að tilkynna heimilisofbeldi en gagnkynhneigðar konur. Einhverjar rannsóknir sýndu líka að hærra hlutfall lesbía en gagnkynhneigðra kvenna upplifa heimilisofbeldi, þó ekki í jafn miklum mæli og tvíkynhneigðar konur. Í einni rannsókn kom í ljós að tæplega 90% tvíkynhneigðra kvenna sem höfðu orðið fyrir ofbeldi af hendi maka sögðu gerendurna vera karlkyns og næstum þriðjungur lesbía sömuleiðis. Í úttektinni kom í ljós að hinsegin karlar upplifðu minna heimilisofbeldi en hinsegin konur, ein rannsókn sýndi að tvíkynhneigðir karlar upplifðu meira heimilisofbeldi en gagnkynhneigðir og samkynhneigðir karlar, og önnur rannsókn sýndi að um 27% homma höfðu upplifað heimilisofbeldi af hendi maka einhvern tímann á ævinni. Færri rannsóknir hafa verið gerðar á upplifun og reynslu trans fólks af heimilisofbeldi, en þær sem Williams Institute tóku út sýndu að allt frá 31%-50% trans fólks hefur upplifað heimilisofbeldi af hendi maka. Samanburðarrannsókn sýndi að 31% trans fólks hafði upplifað heimilisofbeldi af hendi maka samanborið við 20% síð fólks (Brown and Herman, 2015).

Bandaríska könnunin *Injustice at Every Turn. A Report of the National Transgender Discrimination Survey*<sup>3</sup> (2011), skoðaði stöðu trans fólks og mismunun sem það verður fyrir. Hún sýndi að 19% svarenda höfðu upplifað heimilisofbeldi vegna stöðu sinnar sem trans (og/eða vegna kyntjáningar sem var ekki samþykkt) (Grant et al, 2011). Önnur bandarísk könnun framkvæmd af NISVS<sup>4</sup> (*The National Intimate Partner and Sexual Violence Survey*) árið 2010 gerði samanburð á hlutfalli sam- og tvíkynhneigðra og svo gagnkynhneigðra sem höfðu upplifað ofbeldi í nánu sambandi (e. intimate partner violence). Niðurstöður sýndu að 44% af lesbíum og 61% af tvíkynhneigðum konum höfðu orðið fyrir nauðgun, líkamlegu ofbeldi og/eða eltihrelli samanborið við 35% gagnkynhneigðra kvenna. Af þeim karlmönnum sem höfðu orðið fyrir slíku ofbeldi voru 26% samkynhneigðir, 37% tvíkynhneigðir og 29% gagnkynhneigðir. Um einni af hverjum fimm tvíkynhneigðum konum (22%) hafði verið nauðgað af maka (e. intimate partner) og næstum einni af hverjum tíu gagnkynhneigðum konum (9%). Þá var einnig áberandi hátt hlutfall tvíkynhneigðra kvenna sem voru eltihrelltar eða um 37% samanborið við 16% gagnkynhneigðra kvenna (NISVS, 2010).

Tvær kannanir frá Bretlandi, *Count me In*<sup>5</sup> (2004) og *Count Me In Too*<sup>6</sup> (2007) sýndu að um 30% hinsegin fólks hafði orðið fyrir heimilisofbeldi, en kannanirnar voru gerðar í mismunandi landshlutum og beindust að hinsegin fólki. Þær tóku til heimilisofbeldis frá fjölskyldumeðlimi og/eða einhverjum nánum viðkomandi. Hærra hlutfall hinsegin kvenna höfðu orðið fyrir heimilisofbeldi en hinsegin karla en trans fólk var með lang hæsta hlutfall þeirra sem sögðust

<sup>3</sup> Rafræn og skrifleg könnun með 6,450 trans (og kynsegin) svarendum.

<sup>4</sup> Símakönnun með tilviljunarúrtaki.

<sup>5</sup> Rafræn könnun sem beindist að hinsegin fólki, en það voru 164 svarendur.

<sup>6</sup> Rannsóknin beindist að hinsegin fólki og samanstóð af rýnihópum og voru 819 einstaklingar sem svöruðu spurningakönnun.

hafa orðið fyrir heimilisofbeldi. Tvíkynhneigðir urðu í meira mæli fyrir heimilisofbeldi heldur en lesbíur og hommar en samt sem áður benda niðurstöður rannsókna til þess að hinsegin karlar upplifi meira heimilisofbeldi en sís gagnkynhneigðir karlar. Fram kom að 20% brotþola heimilisofbeldis voru foreldrar eða nátengdir barni. Í ljós kom að heyrnalausir og heyrnaskertir, fatlað fólk og fólk sem býr við slæma geðheilsu upplifði hærra hlutfall heimilisofbeldis en aðrir. Þá voru tengsl milli þess að hafa orðið fyrir heimilisofbeldi í æsku og þess að verða fyrir heimilisofbeldi sem fullorðinn. Hærra hlutfall þeirra sem höfðu þegið greiðslu fyrir kynlíf höfðu orðið fyrir heimilisofbeldi (Moran et al, 2004, Browne, 2007a, Browne, 2007b). Ljóst er að þeir sem tilheyra fleiri en einum jaðar- eða minnihlutahópi virðast vera í meiri áhættu fyrir því að verða fyrir heimilisofbeldi en aðrir.

Fyrir á þessu ári tók Lögreglan í Manchesterborg upp nýtt verklag sem snýr að því að skrá heimilisofbeldi sem á sér stað vegna kynverundar (e. sexuality) eða á milli maka af sama kyni (Greater Manchester Police recording LGBT domestic abuse, 2017). Þessi nýjung var vel kynnt og henni fylgdi mikil umfjöllun í því miði að ná til hinsegin fólks og hvetja til tilkynninga um heimilisofbeldi (sjá kafla 5.1.). Eftir að nýtt verklag var tekið upp voru 407 tilfelli um heimilisofbeldi vegna kynverundar skráð á fyrstu sex mánuðunum, þar af tvö þar sem hinsegin barn hafði verið beitt ofbeldi af foreldri sínu.<sup>7</sup> Þá voru 210 atvik á milli kvenna sem voru þar eða fyrrum þar, og 195 atvik á milli karla sem voru þar eða fyrrum þar. Í heildina voru 27 atvik skilgreind sem mikil áhætta, 123 sem meðal áhætta og 257 sem lítil áhætta (e. high risk, medium risk, standard risk). Skráningin nær einungis yfir þau atvik sem eru tilkynnt til lögreglu og er ekki enn komin reynsla á það hvort að nýtt verklag, aukin umfjöllun og sýnileiki skili sér í aukningu tilkynninga.<sup>8</sup>

#### 4. Sérstæða hinsegin samfélagsins

Heilt yfir má segja að heimilisofbeldi meðal hinsegin fólks og þeirra sem ekki eru hinsegin sé í grunninn eins og má sjá svipað mynstur og afleiðingar af því. Hins vegar getur staða þessara hópa verið ólík sem getur haft áhrif bæði á viðmótið sem fólk fær, hvernig tekið er á málum þess og hvort reynsla þeirra sé yfirleitt talin til heimilisofbeldis. Sem jaðarsettur hópur má ætla að hinsegin fólk sé útsettara fyrir hvers kyns ofbeldi og mismunun en sís gagnkynhneigt fólk (Donovan et al, 2014, EU LGBT, 2014). Dæmi eru um sérstæðar birtingamyndir heimilisofbeldis sem tengist hinsegin stöðu þeirra sem verða fyrir því. Þessir þættir verða útskýrðir hér að neðan ásamt minnihlutaálagi sem hinsegin fólk getur upplifað. Upplýsingar þessa kafla eru fengnar úr rannsóknum sem og úr upplýsingaefni erlendra þjónustuveitanda og hinsegin samtaka sem vinna með hinsegin fólki og heimilisofbeldi.<sup>9</sup>

<sup>7</sup> Þess skal geta að á Stór-Manchestersvæðinu búa um 2.7 milljónir.

<sup>8</sup> Upplýsingar fengnar úr tölvupósti frá Sarah Harris hjá Lögreglu Stór-Manchestersvæðisins frá 27.10.17.

<sup>9</sup> Sjá m.a. vefsíður LA LGBT Centre, Rise Freedom from Abuse and Violence, LGBT Foundation Manchester, Stonewall UK, Human Rights Campaign, Birmingham LGBT.



#### 4.1 Ofbeldi og valdbeiting vegna hinsegin stöðu

Sérstæð birtingamynd heimilisofbeldis sem hinsegin fólk getur upplifað og tengist þeirra sjálfsmynd er á ensku kallað identity abuse eða ofbeldi vegna sjálfsmyndar (Birmingham LGBT, 2014, Domestic Violence. A resource for lesbians in Brighton and Hove, 2011). Það getur birst sem hótun um að upplýsa fjölskyldu eða vinnuveitanda um hinsegin stöðu einstaklings, t.d. að viðkomandi sé samkynhneigður, intersex, trans eða HIV jákvæður, þ.e. ef viðkomandi er ekki opinn með hana. Þá getur hinsegin sjálfsmynd og tjáning á henni verið notuð til niðurlægingar, t.d. að vera ekki nógu kvenleg/ur/t eða karlmannleg/ur/t, að vera of kvenleg/ur/t eða karlmannleg/ur/t, að vera ekki nógu góð lesbía/hommi/kona/karl eða að það sé þrýst á að viðkomandi yfirgefi sjálfsmynd sína, hætti t.d. að skilgreina sig sem tvíkynhneigða/n/t. Það getur verið að hæðast að eða niðurlægja eikynhneigða manneskju vegna lítillar kynferðislegrar löngunar. Einnig getur gerandi vísitandi valdið vanlíðan eða niðurlægt þolanda með því að auka á kynama (e. gender dysphoria), þ.e. að nýta sér þætti sem tengjast kynvitund viðkomandi sem hann veit að munu valda vanlíðan. Dæmi eru um að gerendur neiti þolendum um hormónalyf (sem t.d. margt trans og intersex fólk tekur) eða HIV-lyf. Þá virðist það vera algengt að gerendur reyni að koma í veg fyrir tengsl brotþola við hinsegin samfélagið.

Mikilvægt er að nefna hinsegin börn í þessu samhengi, en vitað er að fólk sem fer út fyrir kynjanorm, óháð kynhneigð og kynvitund, er í meiri hættu á ofbeldi almennt (EU LGBT, 2014). Má leiða að því líkur að hinsegin börn, þ.m.t. börn sem fara út fyrir hefðbundin kynjanorm og/eða trans börn séu áhættuhópur. Það þarf að vekja sérstaka athygli á stöðu þessara barna og því að afneitun á sjálfsmynd þeirra og/eða niðurlægjandi framkoma gagnvart sjálfsmynd þeirra og (kyn)tjáningu geti talist til heimilisofbeldis.<sup>10</sup> Afleiðingar af slíkri afneitun eða niðurlægingu geta haft verulegar neikvæðar afleiðingar og jafnvel verið lífshættulegar fyrir trans börn og ungmenni (Anna Guðrún Norðfjörð, 2013, fyrirlestur Sigríðar Birnu Valsdóttur, 2013) og þurfa barnaverndaryfirvöld að taka mið af því.

#### 4.2 Minnihlutaálag

Mikilvægt er að hafa í huga að hinsegin fólk er minnihlutahópur og sem slíkur getur hann eða einstaklingar innan hans upplifað minnihlutaálag (e. minority stress), en það er talin afleiðing af því að búa við fordóma, þöggun, jaðarsetningu og neikvæða og/eða útilokandi orðræðu. Með öðrum orðum þá geta áhrifin af því að búa í samfélagi sem byggist á sís-gagnkynhneigðum viðmiðum leitt til þess að hinsegin fólk upplifi minnihlutaálag sem leiðir til þess að það býr almennt við verri líkamlega og andlega heilsu en aðrir (Donovan et al, 2014, Lewis et al, 2012, Gísladóttir et al 2017). Þetta getur orðið til þess að vantraust og tortryggni

---

<sup>10</sup> Í þessu samhengi má líta til Ontario í Kanada og breytingum á löggjöf (Bill 89) um stuðning við börn, unglinga og fjölskyldur, en þar er talað m.a. um kynhneigð, kynvitund og kyntjáningu þegar hugað er að því sem er barni fyrir bestu, bæði á heimili sínu og þegar inngripa og úrræða er þörf.

[http://www.ontla.on.ca/web/bills/bills\\_detail.do?locale=en&Intranet=&BillID=4479](http://www.ontla.on.ca/web/bills/bills_detail.do?locale=en&Intranet=&BillID=4479)

séu til staðar hjá einhverju hinsegin fólki, óháð því hvort hún eigi rétt á sér í einstaka tilvikum. Þetta getur einnig gert það að verkum að hinsegin fólk feli hinseginleika sinn til að komast hjá viðbrögðum við honum, sem e.t.v. eykur álagið.

Hinsegin fólk er oft í varnarstöðu, bæði almennt í samfélaginu en einnig í sínu nærumhverfi. Samkynja pör hafa þurft að berjast fyrir tilverurétti sínum og réttindum á borð við hjúskap og um leið verjast orðræðum á þá leið að þau séu óeðlileg og óæðri gagnkynja pörum. Þetta getur leitt til þess að einstaka samkynja pör eru jafnvel áfram í ofbeldisfullum samböndum í því miði að afsanna og berjast gegn mótlætinu sem það upplifir (Donovan et al, 2014). Í slíkri baráttu getur verið tilhneiging til þess að sýna aðeins æskilegar ímyndir og þar með fela óæskilega þætti á borð við heimilisofbeldi (Baker et al, 2013). Þetta á einnig við um aðra hinsegin hópa t.d. BDSM fólk, en dæmi eru um að það veigri sér við að leita aðstoðar vegna heimilisofbeldis m.a. vegna þess að það vill ekki koma óorði á hópinn sem það tilheyrir, sem á þegar undir högg að sækja (Pitagora, 2016).

## 5. Þjónustuveitendur og hinsegin fólk

Það er mikill ókostur að ekki séu til neinar upplýsingar um hinsegin fólk og heimilisofbeldi í íslensku samfélagi, og þar sem engar upplýsingar eru skráðar um hinseginleika þjónustupega, hvort sem er hjá félagsþjónustu, lögreglu eða annars staðar, er ekki hægt að leggja mat á umfang vandans. Meðlimir starfshópsins gátu ekki aflað upplýsinga um að hinsegin fólk væri að leita til þjónustuveitenda vegna heimilisofbeldis, en þrátt fyrir vitneskju um að vandinn sé til staðar virðist hann ekki rata mjög oft inn á borð þjónustuveitenda, þ.m.t. lögreglu. Í erlendum rannsóknum um heimilisofbeldi og hinsegin fólk kemur fram að hinsegin fólk vantroystir oft á lögreglunni og „kerfinu“, eða hinu opinbera. Það stafar af áralangri útilokun, mismunun og ofbeldi. Þegar litið er á sögu hinsegin fólks á Íslandi, sem og stöðu þess í dag má ætla að vantraust eða tortryggni í garð hins opinbera sé til staðar hjá einhverju hinsegin fólki. Sumar rannsóknir sýna að hinsegin fólk leitar frekar til einkaaðila eftir þjónustu, t.d. til sálfræðinga eða ráðgjafa (Brown and Herman, 2015, Donovan et al, 2014), heldur en í opinbera kerfið. Hins vegar má ætla að efnaminna hinsegin fólk hafi ekki jafna möguleika til þess að velja þá leið, en í einni rannsókn frá 1998 nefndu lesbíur oftast efnahag þegar spurt var hvað kæmi í veg fyrir að þær leituðu sér aðstoðar vegna heimilisofbeldis (Brown and Herman, 2015).

Í *Count Me In Too* könnuninni sem var rædd hér að ofan kom fram að einungis 22% brotþola leituðu sér aðstoðar vegna heimilisofbeldisins. Rúmlega helmingur þeirra leitaði til lögreglu, eða um 12% brotþola. Niðurstöður sýndu einnig að brotþolar væru opnari við heimilislækni sinn um hinsegin stöðu sína en þau sem höfðu ekki orðið fyrir heimilisofbeldi. Þessi hreinskilni gæti nýst heimilislæknum þegar skimað er fyrir ofbeldi. Þá voru margir brotþolar sem töldu að þeir myndu leita til sértækrar hinsegin þjónustu, eða starfsfólks innan lögreglu og félagsþjónustunnar sem væri hinsegin. Bent var á að hátt hlutfall hinsegin

fólks skoðar hinsegin miðla og er því mikilvægt að vera með upplýsingar og umræður um heimilisofbeldi og hinsegin fólk þar. Sérstaklega var talað um mikilvægi þess að þjálfar og fræða þá sem vinna með heimilisofbeldi um málefni og stöðu hinsegin fólks. Heilt yfir og gegnum gangandi í niðurstöðum rannsókna á þessu sviði kemur fram að hinsegin fólk sem upplifir heimilisofbeldi er líklegra til að telja þjónustuveitendur (m.a. félagsþjónustuna og samtök sem vinna með brotapolum og gerendum) ekki þjónusta þá (Browne, 2007a, Browne, 2007b). Ríkjandi ímyndin er ávallt sú að heimilisofbeldi eigi við gagnkynhneigt sís fólk þar sem gerandinn er karlmaður og brotapolinn kona (Hughes, 2014, Browne, 2007, Moran et al, 2004).

Félagsráðgjafinn dr. Maria Pentaraki fjallaði um þessa ríkjandi ímynd þegar hún greindi frá rannsókn sinni í erindinu *The fear of double disclosure and the necessity for an intersectional approach to address the needs of LGBTI teenagers experiencing teenage relationship abuse (dating violence) in Northern Ireland* á II European Conference on Domestic Violence árið 2017. Hún sagði að kynfræðsla í skólum í Bretlandi miði nánast eingöngu við sís gagnkynhneigða nemendur sem leiðir til þess að hinsegin nemendur fara að miklu leyti á mis við umræður um heilbrigð sambönd og samþykki sem eru hluti af kynfræðslunni. Þetta kemur heim og saman við niðurstöður Sólvéigar Rósar Másdóttur (2015) í rannsókn hennar á kynfræðslu í skólum *Typpið mun finna þig*. Svipaðar niðurstöður komu fram í *Coral Report* (2014) en skýrslan greinir frá rannsókn sem var framkvæmd í Bretlandi á hinsegin fólki og heimilisofbeldi. Í henni kom í ljós að ríkjandi orðræða um heimilisofbeldi (á milli maka) byggist á ímyndinni um sterkan karlmann að beita veikburða konu ofbeldi. Afleiðingarnar geta verið þær að hinsegin fólk skortir þekkinguna sem til þarf til þess að greina hvort það sé í ofbeldissambandi (Donovan et al, 2014).

### **5.1. Vanþekking og ranghugmyndir um hinsegin fólk og heimilisofbeldi**

Þó svo að flestir þjónustuveitendur telji sig fordómalausar, þá er það svo að enn heyrast fordómar og sleggjudómar og sumt hinsegin fólk treystir því ekki að það mæti skilningi. Dæmi um skilnings- og/eða þekkingarleysi (jafnvel fordóma) er þegar hinsegin fólk fær ítrekaðar spurningar um kynhneigð eða kynvitund þannig að það þarf stöðugt að koma út og útskýra sína hinsegin stöðu (sem kemur málinu e.t.v. lítið eða ekkert við). Á hinn bóginn getur sumt hinsegin fólk upplifað þöggun og vandræðagang sem lýsir sér þannig að þjónustuaðilar veigra sér við að nefna eða spyrja út í hinsegin stöðu viðkomandi. Mikilvægt er að ræða um hinsegin stöðu og málefni af virðingu án þess þó að það sé gert að miðpunkti heimilisofbeldismáls, nema það eigi sérstaklega við. Samkvæmt Lögreglunni í Manchester var hinseginfræðsla mikilvægur liður í því að gera lögreglumenn örugga í því að spyrja út í hinseginleika með viðeigandi hætti svo að þeir gætu framfylgt nýju verklagi (sjá kafla 3.1.) Ýmsar staðlaðar hugmyndir tengdast kyni og kynhneigð sem koma í veg fyrir að hinsegin fólk fái viðeigandi þjónustu. Má nefna hugmyndina um að fullkomið jafnvægi ríki í samböndum fólks af sama kyni og mýtuna um hina lesbísku útópíu, sem tengist því að konur beiti ekki ofbeldi og þ.a.l. beiti ekki hvor aðra ofbeldi. Þessu tengt er mýtan um að kona geti ekki

nauðgað eða beitt aðra konu kynferðislegu ofbeldi. Einnig virðist oft litið svo á að heimilisofbeldi á milli maka sem eru karlkyns er einfaldlega slagsmál og er ekki gert ráð fyrir að valdamunur geti verið til staðar sem byggist ekki endilega á líkamlegum styrki eða atgervi. Þá virðast oft vera uppi hugmyndir um að þeir sem hafa „karllægari“ kyntjáningu séu gerendur, en þeir sem hafa „kvenlegri“ kyntjáningu séu brotáþolar, sem á ekki við rök að styðjast og byggist á gagnkynhneigðum viðmiðum. Þá virðist skorta þekkingu á því að valdastaða maka geti tengst þáttum á borð við reynslu af hinsegin samböndum eða tengslum og stöðu innan hinsegin samfélagsins svo einhver dæmi séu tekin (Donovan et al, 2014, Domestic Violence, 2011).

Dæmi um hóp sem veigrar sér við að leita aðstoðar vegna heimilisofbeldis er trans fólk, en almennt virðist vera skortur á þekkingu á stöðu þeirra, t.d. hvernig eigi að nota kynhlutlaus fornöfn, rétt fornöfn og kyn, sem birtist í óviðeigandi spurningum um „alvöru“ kyn og „alvöru“ nafn eða athugasemdum um kyntjáningu eða kynlíf viðkomandi. Einnig skortir þekkingu á kynleiðréttingarferlinu og mismunandi stöðu trans fólks, t.d. það að viðkomandi geti borið útlit, kyntjáningu og nafn sem samsvarar ekki endilega kynskráningu í Þjóðskrá. Bresk rannsókn leiddi í ljós að trans fólk leitar sér síður hjálpar vegna heimilisofbeldis en aðrir hinsegin hópar vegna þess að það gerir ráð fyrir þessari vanþekkingu og hefur reynslu af henni (Donovan et al, 2014).

Umræða um BDSM er takmörkuð og þekking á muninum á heilbrigðu BDSM sambandi og ofbeldisfullu sambandi er ekki næg. Umfjöllun um veruleika BDSM fólks hefur verið af skornum skammti á Íslandi og fáar rannsóknir eru til á alþjóðavísu um heimilisofbeldi meðal BDSM fólks. Ýmsar ranghugmyndir eru uppi um að BDSM sé ofbeldi og að með því að vera þátttakandi í BDSM sé fólk að samþykkja það að verða fyrir ofbeldi. Þetta er hins vegar ekki rétt en eins og kom fram hér að ofan eru einkunnarorð BDSM á Íslandi *öruggt, meðvitað og samþykkt*. Dæmi eru um að ofbeldismenn misnoti hugmyndina um BDSM og feli sig á bakvið það (Pitagora, 2016). Skýr munur er þó á BDSM sambandi þar sem hlutaðeigendur eru fullfærir um að setja mörk og ráða ferðinni (óháð því hvort þeir séu undirgefnir eða í annarri stöðu) og svo sambandi þar sem hlutaðeigendur geta ekki sett mörk, eru óupplýstir og ósamþykkir þeim aðstæðum sem þeir finna sig í og jafnvel veigra sér við það að binda enda á sambandið vegna þvingunar eða mögulegra afleiðinga. Slíkt telst til ofbeldis og er mikilvægt að gera greinarmun þarna á milli, en almennt er litið svo á að í BDSM sé samskipti og athafnir innan ákveðins ramma sem er fyrirfram ákveðinn. Þannig sé hægt að reyna á mörk (upplýst athöfn eða gjörðir þar sem samþykkt er að láta reyna á ákveðin mörk) en það er ekki farið yfir þau. Vanþekking á veruleika og fordómar í garð BDSM fólks sem og skortur á þekkingu á muninum á ofbeldissambandi og BDSM sambandi getur orðið til þess að BDSM fólk forðast það að leita sér aðstoðar vegna heimilisofbeldis (Donovan et al, 2014). Það eru engar rannsóknir sem sýna fram á tíðni heimilisofbeldis í BDSM samböndum, en rétt eins og með önnur sambönd fyrirfinnst ofbeldi meðal þeirra (Pitagora, 2016) og þurfa þjónustuveitendur á þessu sviði að taka mið af BDSM fólki.

## 5.2. Hindranir, úrræði og sýnileiki

Samhliða ofantöldum atriðum þarf einnig að skoða áþreifanlegar hindranir og úrræði á borð við salernis- og skiptiaðstöðu og skjól. Mikilvægt er að huga að fólki sem fellur utan kynjatvíhyggjunnar (t.d. með ódæmigerða kyntjáningu) þannig að það fái viðeigandi úrræði (kynhlutlausu aðstöðu og skjól) en árið 2013 fannst trans karl látinn á Klambratúni í Reykjavík en honum hafði áður verið vísað frá gistiskýli fyrir heimilislausu karla og vísað í Konukot, úrræði sem hentaði honum ekki (Erla Björg Gunnarsdóttir, 2013). Einnig þarf að huga að og taka á þeim fordómum sem kunna að vera til staðar meðal annarra sem leita til þjónustuveitanda. Dæmi um slíkt gæti verið samkynhneigður karlmaður sem verður fyrir fordómum frá öðrum körlum í hópmeðferð fyrir gerendur (Baker et al, 2013, Brown og Herman, 2015). Mikilvægt er að skýrt sé fyrir hverja úrræði eru, t.d. hvort úrræði fyrir konur henti öllum konum óháð t.d. kynhneigð og kynvitund (þannig að t.d. lesbíur og trans konur gætu nýtt sér það), sama gildir um úrræði fyrir karla og svo þarf að tryggja að úrræði séu til fyrir þau sem skilgreina sig hvorki sem karla né konur og/eða eru með ódæmigerða kyntjáningu.

Þegar þjónustuveitendur eru spurðir hvort þeirra þjónusta sé einnig fyrir hinsegin fólk eru svörin yfirleitt á þann veg að hinsegin fólk sé velkomið á sama tíma og öll umræða, kynningarefni og orðræðan miði heilt yfir við síð gagnkynhneigt fólk. Þetta er hugsanlega ein stærsta hindrunin fyrir breytingum og því að hinsegin fólk leiti í kerfið, þ.e. að þjónustuveitendur telji sig vera opna fyrir alla á meðan að hinsegin fólk lítur svo á að þeir séu fyrst og fremst fyrir síð gagnkynhneigða. Til þess að tryggja að kerfið tali til hinsegin fólks og að það geti treyst því að fá viðeigandi þjónustu þarf að nefna hópinn sérstaklega. Mikilvægt er að byggja brýr á milli þjónustuveitanda og hinsegin samfélagsins, en það er ekki síst mikilvægt þar sem samfélagið er lítið. Smæðin getur orðið til þess að auka á þöggunina, ekki ólíkt því sem sést í minni byggðalögum þar sem „allir þekkja alla“. Slíkar brýr hafa verið byggðar af Lögreglunni í Manchester, en samhliða því að skrá sérstaklega heimilisofbeldi þegar hinsegin fólk á í hlut fá allir lögreglumenn hinseginfræðslu og hefur lögreglan m.a. verið sýnileg í gleðigöngu borgarinnar, flaggað regnbogafánunum við höfuðstöðvar sínar á hinsegin dögum, birt greinar og verið sýnileg á samfélagsmiðlum og haldið blaðamannafund með lykilaðilum úr hinsegin samfélaginu.<sup>11</sup> Sýnileiki er þó ekki nóg, einnig þarf að skoða orðræðuna og stofnanir gagnrýnum augum með meðvitund um gagnkynhneigð síð viðmið í huga. Til þess að styðja við breytingar og bæta úrræði og þjónustu við hinsegin fólk sem verður fyrir eða beitir heimilisofbeldi er lykilatriði að upplýsingum um tilfellið verði safnað, en upplýsingaleysi og skortur á rannsóknum á þessu sviði er óviðunandi.

## 6. Skráning á heimilisofbeldi þegar hinsegin fólk á í hlut

---

<sup>11</sup> Tölvupóstur frá Sarah Harris hjá Lögreglu Stór-Manchestersvæðisins frá 20.11.17.

Ný persónuverndarlöggjöf tekur gildi á Íslandi í maí 2018 en hún byggir á persónuverndarlöggjöf sem samþykkt var af Evrópuþinginu og –ráðinu árið 2016. Í 1. málsg. 9. gr. nýrrar reglugerðar laganna (2016/679) um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga er kveðið á um vinnslu sérstakra flokka persónuupplýsinga. Þar kemur fram að „Bannað er að vinna persónuupplýsingar er varða kynþátt eða þjóðernislegan uppruna, stjórnámálaskoðanir, trúarbrögð eða heimspekilega sannfæringu eða aðild að verkalýðsfélagi og að vinna erfðafræðilegar upplýsingar, lífkennaupplýsingar í því skyni að persónugreina einstakling með einkvæmum hætti, heilsufarsupplýsingar eða upplýsingar er varða kynlíf einstaklings eða kynhneigð.“ Hvergi er minnst á kynvitund eða kyneinkenni. Næstu málsgreinar þar á eftir kveða á um undanþágur við þessu ákvæði. Í skráningu á hinsegin fólki og heimilisofbeldi má gera ráð fyrir að undanþágur eigi við, það yrði þó eflaust Persónuverndar að skera úr um það.<sup>12</sup>

Lögreglan í Manchester (GMP) skráir hins vegar öll atvik um heimilisofbeldi þegar hinsegin fólk á í hlut (eða vegna kynverundar, e. sexuality). Í tölvupóstsamskiptum við fulltrúa GMP í október og nóvember 2017 kom fram að lögreglumenn fá fræðslu um hinsegin málefni sem gerir þá öruggari í umræðum um hinsegin málefni. Þegar spurt var um persónuverndarákvæði og skráningu á kynhneigð/kynverund var svarað á þá leið að ekki hefði verið um slíkar hindranir að ræða og bent á það að GMP skrái nú þegar kynhneigð þegar um hatursglæpi er að ræða og að engin breyting hafi orðið þar á.<sup>13</sup>

Eftir miklar vangaveltur og umræður sem og skoðun á skráningu lögreglunnar í Manchester á heimilisofbeldi og kynhneigð telur starfshópurinn vænlegast að félagsþjónusta Reykjavíkur skoði hvernig megi skrá hinsegin stöðu fólks á þar til gerðu skráningarblaði í útköllum. Með því að skrá slík tilfelli er betur hægt að ná utan um vandann, vinna gegn honum og bæta og aðlaga þjónustu. Það er mikilvægt að hafa í huga að með því að skrá ekki hinsegin stöðu gæti verið stuðlað að óbeinni mismunun í garð hinsegin fólks. Þetta er vegna þess að án slíkrar aðgreiningar er líklegt að tölfræði og önnur gögn verði lesin með síð gagnkynhneigðum formekjum. Þetta gerir það að verkum að vandinn verður áfram falinn og þar með lausnir á honum. Að því sögðu er nauðsynlegt að tryggja að gert sé ráð fyrir hinsegin fólki þegar unnið er með heimilisofbeldi hvort sem að tölulegar upplýsingar eru til staðar eða ekki.

## 7. Tillögur starfshópsins

Í þessum hluta má finna tillögur starfshópsins en þær byggja á ofangreindum upplýsingum. Tillögurnar miða sérstaklega að því að fræða þjónustuveitendur og er það lykilatriði ef bæta á þjónustuna og opna hana fyrir hinsegin fólki. Einnig snúa tillögurnar að því að

---

<sup>12</sup> Álit frá Umboðsmanni borgarbúa er á þá leið að heppilegast sé að fá álit Persónuverndar varðandi skráningu á hinsegin fólki og heimilisofbeldi, en sérstaklega er bent á innleiðingu á nýjum persónuverndarlögum árið 2018.

<sup>13</sup> Tölvupóstur frá Sarah Harris hjá Lögreglu Stór-Manchestersvæðisins frá 20.11.17.

þjónustuveitendur, í kjölfarið á fræðslu, uppfæri kynningarefni sitt og nefni sérstaklega hinsegin fólk í tengslum við störf sín og tengi sig þannig við hinsegin samfélagið. Þá er rík áhersla lögð á það að opna umræðuna og fræða um hinsegin fólk og heimilisofbeldi sérstaklega á miðlum þar sem er mikið af hinsegin fólki, en einnig í samfélaginu öllu. Gott væri að hver og einn þjónustuveitandi marki sér stefnu í málefnum og móttöku á hinsegin fólki sem tekur mið af þessari skýrslu og þá sérstaklega neðangreindum tillögum.

Starfshópurinn leggur einnig ríka áherslu á söfnun tölfræðiupplýsinga um hinsegin fólk og heimilisofbeldi enda eru engar haldbærar upplýsingar um það á Íslandi. Þá er einnig lagt til að skoðaðar verði leiðir til þess að rannsaka hinsegin fólk og heimilisofbeldi. Starfshópurinn telur mikilvægt að tillögurnar séu framkvæmdar í þeirri röð sem þær birtast, þ.e. að fyrsta skrefið sé fræðsla, svo kynni þjónustuveitendur sig sérstaklega sem hinseginvæna og í kjölfarið fari af stað umfjöllun um hinsegin fólk og heimilisofbeldi. Slík kynning og umfjöllun gæti leitt af sér að hinsegin fólk leiti í auknum mæli til þjónustuveitenda og er mikilvægt að vel sé tekið á móti því.

Rétt er að áréttu að hinsegin hópurinn er mjög fjölbreyttur og undir hinsegin regnhlífina falla margir ólíkir hópar (sjá kafla 2). Mikilvægt er að hafa það í huga þegar tillögurnar eru útfærðar, en einnig þarf að tryggja gott samtal og samstarf við hinsegin samfélagið og samtök hinsegin fólks.

## **7.1. Tillögur að aðgerðum**

- 1. Að þjónustuveitendur í heimilisofbeldismálum fái fræðslu um hinsegin fólk**
  - a. útbúa og vera með fræðslu um hinsegin fólk og heimilisofbeldi fyrir þjónustuveitendur á sviði heimilisofbeldis í Reykjavíkurborg
    - i. tryggja að þjónustuveitendur sé tamt að fjalla um hinsegin málefni og þann fjölbreytta hóp sem hinsegin fólk er og þekki hugtök sem þeim tengjast (sjá kafla 2)
    - ii. tryggja að þjónustuveitendur þekki sérstæðar birtingamyndir heimilisofbeldis sem geta verið til staðar meðal hinsegin fólks (sjá kafla 4.1)
  - b. tryggja að Barnavernd Reykjavíkur taki mið af hinsegin börnum og börnum sem falla ekki að viðmiðum samfélagsins um kyntjáningu þegar greining á ofbeldi (tilfinningalegu sem og öðru) er framkvæmd og gæta þess að skilgreining á vanrækslu taki einnig mið af slíku (sjá kafla 4.1)
- 2. Að þjónustuveitendur höfði til og aðlagi þjónustu sína að hinsegin fólki**
  - a. bæta við upplýsingum um hinsegin fólk og heimilisofbeldi í bæklinginn *Saman gegn ofbeldi*

- i. skoða hvort tilefni sé til og möguleiki á að gefa út sérstakt upplýsingaefni um hinsegin fólk og heimilisofbeldi, en í því samhengi er bent á bæklinga frá samtökunum Rise í Bretlandi<sup>14</sup>
- b. bæta upplýsingum um hinsegin fólk og heimilisofbeldi á vefsíður og önnur svæði sem þjónustuveitendur nýta til að kynna sína starfsemi
- c. ræða um sérstöðu hinsegin fólks og heimilisofbeldis þegar verið að kynna verkefnið *Saman gegn ofbeldi*. Stýrihópur *Saman gegn ofbeldi* gætir sérstaklega að þessu
- d. tryggja að úrræði og skjól sem standa bæði brotaþolum og gerendum í heimilisofbeldismálum til boða sé aðlagð að þörfum hinsegin fólks ef þörf er á (sjá kafla 5.2)
- e. tryggja sérstaklega að hinsegin fólk sem lendir á götunni vegna heimilisofbeldis fái þjónustu við hæfi (sjá kafla 5.2)

### **3. Að koma tengslum og samvinnu á milli hinsegin samtaka og þjónustuveitenda í heimilisofbeldismálum**

- a. gera upplýsingar um hinsegin fólk, heimilisofbeldi og úrræði/þjónustu sýnilegar á heimasíðu Samtakanna '78
- b. hvetja og styðja Samtökin '78 sem og önnur hinsegin félagasamtök til þess að taka upp umræðu um heimilisofbeldi almennt og í tengslum við þjónustu sem þau veita, svo sem ráðgjafarþjónustu
  - i. skoða möguleikann á formlegu samráði Samtakanna '78 við félagsþjónustu Reykjavíkurborgar, t.d. vera með tengilið innan félagsþjónustunnar
  - ii. koma á samtali á milli Samtakanna '78 og þjónustuveitanda á sviði heimilisofbeldis

### **4. Að safna saman upplýsingum og bæta þekkingu á heimilisofbeldi þar sem hinsegin fólk á í hluti**

- a. leita leiða til að safna tölfræði og upplýsingum um heimilisofbeldi þegar hinsegin fólk á í hlut (sjá kafla 6)
  - i. útbúa skráningarform félagsþjónustunnar þannig að hægt sé að skrá hvort að hlutaðeigendur séu hinsegin þegar farið er í útköll vegna heimilisofbeldis
  - ii. skoða hvort og hvernig félagsþjónustan geti skimað og skráð sérstaklega ef skjólstæðingur er hinsegin ef viðkomandi er brotaþoli/gerandi heimilisofbeldis (t.d. í viðtölum)
  - iii. hvetja Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu til að skoða vinnulag Lögreglunnar í Manchester í heimilisofbeldismálum meðal hinsegin fólks (sjá kafla 6 og 3.1). Lögreglan skoði hvort og hvernig megi skrá hinseginleika fólks í heimilisofbeldismálum
- b. styðja við og hvetja til rannsókna á hinsegin fólki og heimilisofbeldi

<sup>14</sup> Sjá bæklinga á: <http://www.riseuk.org.uk/index.asp?PageID=106#.WjD9JtJl-1s>



**5. Að opna og efla umræðuna um hinsegin fólk og heimilisofbeldi í samfélaginu**

- a. opna umræðuna um hinsegin fólk og heimilisofbeldi meðal hinsegin fólks, í samvinnu við samtök hinsegin fólks og nýta sérstaklega miðla og vettvanga þar sem hinsegin fólk og hinsegin málefni eru til umræðu, t.d. GayIceland.is, Hinseginspjallið, Hommaspjallið, spjall vettvang Trans Íslands o.fl.
- b. opna umræðuna um hinsegin fólk og heimilisofbeldi í samfélaginu almennt, t.d. í gegnum fjölmiðlaumfjöllun, greinaskrif
  - i. tengja dæmisögur og frásagnir sem lýsa sérstæðum birtingamyndum heimilisofbeldis hinsegin fólks inn í almenna umræðu um málaflokkinn (sjá kafla 4.1)
- c. taka hinsegin fólk einnig til umræðu í skólakerfinu þegar fjallað er um ofbeldi, sambönd og samskipti, t.d. í kynfræðslu (sjá kafla 5)

**6. Að gera sýnilegt í verkefninu Saman gegn ofbeldi að þjónusta fyrir brotþola og gerendur heimilisofbeldis standi hinsegin fólki til boða**

- a. hafa regnbogafána/regnbogamerki sýnilegt í kjölfarið á hinseginfræðslu til þess að sýna fram á að þjónusta standi hinsegin fólki til boða
- b. boða til blaðamannafundar með fulltrúum aðila að *Samán gegn ofbeldi* og formönnum hinsegin samtaka, t.d. Samtökunum '78 og Trans Íslandi til að vekja athygli á heimilisofbeldi meðal hinsegin fólks
- c. tryggja sýnileika þjónustuveitanda og umræður um heimilisofbeldi á viðburðum sem tengjast hinsegin fólki, t.d. á Hinsegin dögum

## 8. Heimildaskrá

Anna Guðrún Norðfjörð. 2013. Ég er enn sami einstaklingurinn. Félagsleg reynsla og upplifun transeinstaklinga. Óútgefin MA ritgerð.

Baker, Nancy L. et al. 2013. „Lessons from Examining Same-Sex Intimate Partner Violence“. *Sex Roles* 69/3-4. Bls. 182-192.

*BDSM á Íslandi*. [www.bdsm.is](http://www.bdsm.is). Síðast skoðað 05.12.17.

Berglind Gísladóttir et al. 2017. „Psychological Well-Being of Sexual Minority Young Adults in Iceland: Assessing Differences by Sexual Attraction and Gender“. *Sex Roles*.

Lewis, Robin J. et al. 2012. „Minority Stress, Substance Use, and Intimate Partner Violence Among Sexual Minority Women“. *Aggression and Violent Behavior* 17. Bls. 247–256.

Brown, Taylor N. T. og Herman, Jody L. 2015. *Intimate Partner Violence and Sexual Abuse Among LGBT People. A Review of Existing Research*. The Williams Institute. Los Angeles.

Browne, Kath. 2007a. *Count Me In Too. LGBT Lives in Brighton & Hove. Initial Findings: Academic Report*. Brighton.

Browne, Kath. 2007b. *Domestic Violence & Abuse Additional Findings Report. Count Me In Too. LGBT Lives in Brighton & Hove*. Brighton.

Donovan, Catherine, Barnes, Rebecca og Nixon, Catherine. 2014. *The Coral Project: Exploring Abusive Behaviours in Lesbian, Gay, Bisexual and/or Transgender Relationships. Interim Report*.

EU LGBT Survey. 2014. „European Union Lesbian, Gay, Bisexual and Transgender Survey. Results at a Glance.“ *FRA – European Union Agency for Fundamental Rights*.  
[www.fra.europa.eu](http://www.fra.europa.eu).

Grant, Jamie M., Mottet, Lisa A. og Tanis, Justin. 2011. *Injustice at Every Turn. A Report of the National Transgender Discrimination Survey*. The National Gay and Lesbian Task Force and the National Center for Transgender Equality. Washington.

„Greater Manchester Police recording LGBT domestic abuse.“ 2017. BBC News.  
[www.bbc.com/news/uk-england-manchester-39551595](http://www.bbc.com/news/uk-england-manchester-39551595). Síðast skoðað 12.12.17.

Hans Jónsson. 2017. „Gleymdir þolendur“. *Vísir*. [www.visir.is/g/2017171209544/gleymdir-tholendur](http://www.visir.is/g/2017171209544/gleymdir-tholendur). Síðast skoðað 12.12.17.

*Hinsegin frá Ö-A*. [www.otila.is](http://www.otila.is). Síðast skoðað 12.12.17.

Hughes, Maria. 2014. *LGBT Domestic Violence: Another Closet. A report into the needs of survivors of domestic violence who are LGBT in Birmingham*. Birmingham LGBT. Birmingham.

*Hvað er hinsegin?* 2015. Bæklingur gefinn út af Samtökunum '78 og Reykjavíkurborg.

Moran, Leslie J., Paterson, Susan og Docherty, Tor. 2004. *'Count me in!' A Report on the Bexley and Greenwich Homophobic Crime Survey.*

*NISVS: An Overview of 2010 Findings on Victimization by Sexual Orientation.* 2010. The National Intimate Partner and Sexual Violence Survey.

Pitagora, Dulcinea. 2016. „Intimate partner violence in sadomasochistic relationships“. *Sexual and Relationship Therapy* 31/1. Bls. 95-108.

Sigríður Birna Valsdóttir. 2013. "Kynáttunarvandi barna og unglunga. Frá sjónarhorni barna og foreldra". Fyrirlestur. [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is)

Sólveig Rós Másdóttir. 2015. *Typpið mun finna þig: Gagnkynhneigð, grunnskólinn og hinsegin kynfræðsla.* Verkefni styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Reykjavík.

Viktoría Hermannsdóttir. 2015. „„Hélt að þetta myndi aldrei koma fyrir mig““. *Vísir*. [www.visir.is/g/2015151019976](http://www.visir.is/g/2015151019976). Síðast skoðað 12.12.17.

Þórhildur Þorkelsdóttir. 2015. „Öðruvísi tekið á heimilisofbeldi ef karlmenn verða fyrir því“. *Vísir*. [www.visir.is/g/2015151019865](http://www.visir.is/g/2015151019865). Síðast skoðað 12.12.17.